

**E/S****EINKALEYFASTOFAN**

Lindargötu 9 IS-150 Reykjavík

Ómega farma hf.  
Pósthólf 534  
121 Reykjavík

Tilvísun yðar:

Tilvísun vor:

Dagsetning:

430-92/868

07.05.1993

**MÁL:**

Andmæli Ómega farma hf., Kársnesbraut 108, Kópavogi  
gegn

skráningu vörumerkisins SERONE (orðmerki), sbr. umsókn nr. 868/1992, frá Sigurjónsson & Thor hf., Óðinsgötu 4, Reykjavík í nafni Ares Trading S.A., Chateau de Vaumarcus, CH-2028 VAUMARCUS, Sviss.

**ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA****MÁLSATVIK:**

Hinn 01.09.1992 tilkynnti Sigurjónsson & Thor hf., Óðinsgötu 4, Reykjavík, til skráningar vörumerkið SERONE (orðmerki), í nafni Ares Trading S.A., Chateau de Vaumarcus, CH-2028 VAUMARCUS, Sviss. Umsóknin er nr. 868/1992. Óskað var skráningar fyrir vöruflokk nr. 5. Vörumerkið var birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 19.11.1992.

Með bréfi dags. 22.12.1992, er barst Einkaleyfastofunni hinn 29.12.1992, andmælti Ómega farma hf., Kársnesbraut 108, Reykjavík, skráningu vörumerkisins. Andmælin byggja á ruglingshættu við skráð

vörumerki andmælanda, SERÓL (orðmerki) nr. 654/1992, í flokki nr. 5. Í andmælunum segir: „Álítum við að hætta sé á ruglingi á þessum tveimur orðmerkjum, sérstaklega þar eð þau hljóma mjög líkt.“

Umsækjanda voru kynnt andmælin með bréfi dags. 30.12.1992 og veittur frestur til athugasemda til 01.05.1993.

Hinn 20.04.1993 barst Einkaleyfastofunni greinargerð umsækjanda, dags. sama dag. Umsækjandi telur í greinargerð sinni ekki ástæðu til þess að hafna beri skráningu vörumerksins SERONE með vísan til vörumerkisins SERÓL. Umsækjandi kveður merki þessi gjörólík í framburði og vörumerkið SERÓL sé mjög „íslenskt“ en vörumerkið SERONE hins vegar mjög „óíslenskt“. Umsækjandi bendir ennfremur á að hér á landi sé að finna nokkuð margar skráningar á merkjum með forskeytinu SERO-, sem lýtur að blóðvatnsfræði (serology), í flokkum 1, 5, 9 og 10, og því sé forskeytið SERO eitt sér ekki nægilegt til þess að telja ruglingshættu vera með merkjunum SERONE og SERÓL. Greinargerð umsækjanda fylgdi ljósrit af bls. 940 úr Ensk-Íslenskri orðabók Arnar & Örlygs og listi yfir skráð vörumerki hér á landi, í flokkum nr. 1, 5, 9 og 10, er byrja á SERO-.

## **NIÐURSTAÐA:**

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins SERONE (orðmerki), skv. umsókn nr. 868/1992, með vísan til ruglingshættu við skráð vörumerki andmælanda, SERÓL (orðmerki), í flokki nr. 5.

Forskeytið SER(O) er sameiginlegt ofangreindum vörumerkjum. Fallast verður á það með umsækjanda að hér er á ferðinni „veikur“ hluti vörumerkis, þar sem hann vísar til blóðvatnsfræði (serology), sem kemur fyrir í mörgum skráðum vörumerkjum hér á landi og getur ekki einn sér valdið ruglingshættu með orðunum SERONE og SERÓL. Ekki verður talið að vörumerkin SERONE og SERÓL í heild sinni, séu það lík, hvorki hvað varðar sjón- eða hljóðlíkingu, að hætta sé á að valdi ruglingi hjá almenningi.

## ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA.

Skráning vörumerkisins SERONE (orðmerki), skv. umsókn nr. 868/1992, er heimiluð.

---

Ellý K.J. Guðmundsdóttir lögfr.

Afrit sent:  
Sigurjónsson & Thor  
Óðinsgötu 4  
101 Reykjavík